

Fundur í **skipulags- bygginga- og hafnarnefnd** Reykhólahrepps
mánudaginn 10. maí 2010 kl. 15:00

Fundarstaður: Fundarherbergi Reykhólahrepps, Maríutröð 5 a, Reykhólum.
Fundargerðin rituð á tölvu og er hún tvær blaðsíður.

Mættir: Sveinn Ragnarsson, Eiríkur Kristjánsson, Egill Sigurgeirsson, Bogi Kristinsson og Óskar Steingrímsson fundarritari.

Sveinn bauð menn velkomna og setti fund.

Dagskrá:

1. **1004037** Bréf dags. 26. apríl s.l. frá Arnóri H. Ragnarssyni með umsókn um stöðuleyfi fyrir gám á Klukkufelli. Erindið samþykkt. Fyrir liggur samþykki jarðareiganda.
2. **1005002** Bréf dags. 3. maí s.l. frá Stekkjarlundi ehf með ósk um byggingarleyfi vegna stækkunar á anddyri Hótels Bjarkalundar. Einnig umsókn um leyfi til að byggja þak yfir geymsluport á milli þjónustumiðstöðvar og geymslugáms. Stækkun á anddyri samþykkt. Athuga skal að útihurð aðalinngangs opnist út. Samþykkt að leyfa byggingu þaks yfir geymsluport með skilyrði um tvö björgunarop, annað úr geymslugámi og hitt úr millirými, bæði á austurgafli.

Önnur mál.

1. **0901028** Bréf dags. 5. maí 2010 frá Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu með ósk um umsögn/samþykki vegna fyrirhugaðra landskipta á landspildum út úr Reykhólum, landnr.: 139639, ásamt ósk um stofnun nýrra fasteigna í fasteignaskrá. Nefndin gerir ekki athugasemdir við fyrirbyggjandi hnitsetta uppdrætti að landskiptum á landi úr Reykhólum, landnr. 139639. Stofnun lóða samþykkt.
2. **1005014** Umsókn dags. 7. apríl s.l. frá Karli Kristjánssyni um stöðuleyfi fyrir 5x6 m, 30 m² bogaskemmu á Kambi sem notast skal sem skýli fyrir sauðfé. Samþykkt að veita stöðuleyfi til 1. júní 2011.
3. **1005015** Umsókn dags. 8. maí s.l. frá Stekkjarlundi ehf um stöðuleyfi fyrir íbúðargáma fyrir starfsfólk við Hótel Bjarkalund. Samþykkt að veita stöðuleyfi til 1. júní 2011 með fyrirvara um samþykki heilbrigðisyfirvalda og slökkviliðsstjóra.
4. **0908007** Útboðs- og verklýsing vegna varnargarðs við Reykhólahöfn. Umsagna verður leitað frá viðkomandi stofnunum.

5. **1002045** Grenndarkynning vegna lóðarumsóknar við Reykjabraut 6 og breytingar á skipulagi lóða og byggingu íbúðarhúss. Niðurstöður grenndarkynningar voru þær að tvær athugasemdir bárust á auglýstum tíma. Eigendur Reykjabrautar 2 óskuðu eftir að lóð neðan Reykjabrautar 2 verði haldið inni á skipulagi eins og skráð er samkvæmt byggingabréfi dags. 29. des. 1958. Nefndin leggur til að eigendur Reykjabrautar 2 hafi afnotarétt af viðbótarlandi sunnan skipulagðrar lóðar nr. 139724 þar til sveitarfélagið þarf á viðkomandi landi að halda. Eigandi Reykjabrautar 4 óskaði eftir að lóðarmörk á milli lóða Reykjabrautar 4 og 6 verði 5 m frá austurhlið íbúðarhússins að Reykjabraut 4. Athugasemdirnar verða teknar til greina. Breyting á skipulaginu samþykkt.

Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið kl. 17:40.

Sveinn Ragnarsson (sign)
Eiríkur Kristjánsson (sign)
Egill Sigurgeirsson (sign)
Bogi Kristinsson (sign)
Óskar Steingrímsson (sign)